

Sjálfseignarstofnunin

HANDVERK OG HÖNNUN

Ársskýrsla 2008

Inngangur

Leiðarljós allrar starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru markmið sem sett voru á stofnfundi í janúar 2007. Þau eru eftirfarandi:

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður, Birta Flókadóttir, varaformaður, Ólöf Nordal, Signý Ormarsdóttir og Halla Bogadóttir, meðstjórnendur. Varamenn eru Árni Snæbjörnsson og Þórey S. Jónsdóttir.

Fastir starfsmenn eru Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóla Guðmundsdóttir sérfræðingur. Þann 1. okt. 2007 fór Fjóla Guðmundsdóttir í fæðingarorlof og hún var í orlofi til 1. okt. 2008. Hún gegndi 25% starfi hjá HANDVERKI OG HÖNNUN í orlofinu. Hanna Guðrún Guðmundsdóttir var ráðin í 60% starf 1. okt. 2007 í eitt ár. HANDVERK OG HÖNNUN er með skrifstofur í Aðalstræti 10.

Almenn starfsemi

Við breytingu á rekstrarforminu breyttist starfsemin mikið. Öll umsýsla varðandi rekstur færðist til skrifstofu HANDVERKS OG HÖNNUNAR frá Ríkisféhirði og Ríkisbókhaldi. Þar að auki bætist við kostnaður sem fellur á stofnunina vegna færslu bókhalds, endurskoðun og gerð ársreikninga hjá löggiltum endurskoðanda. Um færslu á bókhaldi sér Sveinbjörn Bjarnason og Þorvaldur Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi sér um endurskoðun.

Fjármagn

Það fjármagn sem HANDVERKI OG HÖNNUN var úthlutað af fjárlaganefnd í árslok 2007 til starfseminnar 2008 var 17.5 M. Það voru umtalsvert lægri fjármunir sem verkefnið hafði haft á tímabilinu 2002-2006. Árið 2006 hafði HANDVERK OG HÖNNUN 18.1 M framlag frá ríkinu sem skiptist milli fjögurra ráðuneyta.

Stofnunin hefur undanfarin ár notið velvildar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og sótt var um styrk til þeirra fyrir árið 2008. HANDVERK OG HÖNNUN fékk úthlutað 1 M í styrk frá sjóðnum. Verslunin Kraum keypti auglýsingu í kynningarbækling sem dreift var í tengslum við sýningu í Ráðhúsinu 2008 og Samtök iðnaðarins styrktu Skúlaverðlaunin 2008 með framlagi.

Það hefur verið markmið stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR frá upphafi að halda þátttökugjöldum í hinum ýmsu verkefnum í lágmarki en vegna þröngrar fjárhagsstöðu hafa þau hækkað töluvert.

Hönnunarmiðstöð Íslands hóf starfsemi 1. apríl 2008. Stjórn hennar leitaði til stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR um að starfsemi miðstöðvarinnar fengi aðstöðu tímabundið í Aðalstræti 10. Hönnunarmiðstöð leigði fundarherbergi HANDVERKS OG HÖNNUNAR í Aðalstræti 10 frá 1. apríl 2008 til 1. janúar 2009.

Stjórnarfundir

Haldnir voru 6 formlegir stjórnarfundir á árinu 2008. Fundir voru haldnir:

11. febrúar, 6. apríl, 5. maí, 19. maí, 29. september, og 20. október. Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í virku sambandi við skrifstofuna miklu oftar. Stjórn boðaði alla stofnfélaga á fund í byrjun maí og kynnti fyrir þeim árskýrslu 2007 og verkefnaskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2008.

Ráðgjafafundir

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir ráðgjafahóp sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Í stofnskránni segir:

„Tíu manna ráðgjafahópur skal skipaður og verður hann ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn í verkefnavali og stefnumótun. Leitað verður til einstaklinga innan fagfélaga handverksmanna, hönnuða, listiðnaðarmanna og fleiri til að starfa í ráðgjafahópnum. Val í ráðgjafahópinn er í höndum stjórnar og skal hann skipaður til tveggja ára í senn. Ráðgjafahópurinn vinnur með stjórn og starfsmönnum að yfirlýstum markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og skal koma saman a.m.k. einu sinni ári og oftast ef þurfa þykir“.

Stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR hélt ráðgjafahópsfund 19. maí 2008.

Fundurinn var haldinn á Grand Hótel Centrum Reykjavík.

Fundarefni var eftirfarandi:

- 1) Verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR
- 2) Fortíð, nútíð og framtíð HANDVERKS OG HÖNNUNAR
- 3) Önnur mál

Fundarmenn voru auk stjórnar og starfsmanna HANDVERKS OG HÖNNUNAR:

George Hollanders, leikfangasmiður, Sigríður Elfa Sigurðardóttir, textílhönnuður, Sigríður Anna Sigurðardóttir, gullsmiður, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, leirlistamaður, Inga Elín, leirlistamaður, Rósa Helgadóttir, textílhönnuður, Hrafnhildur Sigurðardóttir, textílhönnuður, Reynir Sveinsson, trérennismiður, Páll S. Garðarsson, handverksmaður og Guðný Hafsteinsdóttir, leirlistamaður.

Páll Kristjánsson, handverksmaður og Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir, textílhönnuður boðuðu forföll. Mjög góðar ábendingar komu fram og gagnlegar umræður um fortíð framtíð og nútíð. Þessi vettvangur er mjög mikilvæg tenging starfsfólks og stjórnar við grasrótina og margar hugmyndir sem komu fram á þessum fundi eru nú í vinnslu.

Helstu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2008 eru:

- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR – endurgerð og viðhald
- Fréttabréf – 6-8 fréttabréf á mánuði til tæplega 1000 aðila.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar
- Sýningar á skörinni, tíu sýningar
- Sýning í Gunnarsstofnun, Skriðuklaustri og Fógetastofunum
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur
- Kynning í Ketilhúsinu Akureyri
- Bók um HANDVERK OG HÖNNUN á Íslandi
- Ferða – og verkefnasjóður
- Erlend samskipti
- Sérstakt kynningarstarf
- HANDVERK OG HÖNNUN: Mat á árangri og mikilvægi

Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Heimasíðan www.handverkoghonnun.is er í stöðugri þróun og þar eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Virk vefmæling hefur verið á síðunni síðustu ár og þar kemur í ljós að umferð á síðuna er mjög mikil. Að meðaltali eru það tæplega 3400 sem heimsækja síðuna á mánuði og síðuflettingar eru tæplega 25.000 á mánuði. Rúmlega 900 hundruð manns hafa skráð sig á póstlista heimasíðunnar og fá reglulega fréttir af starfseminni *sjá fylgiskjal 1*.

Heimasíðan er á íslensku og ensku. HANDVERK OG HÖNNUN kynnir þar alla sem valdir hafa verið til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum, eins og sýningum og öðrum viðburðum. Í gagnabanka eru rúmlega eitt hundrað einstaklingar kynntir sem stunda handverk og listiðnað. Allir sem valdir hafa verið á sýningar/kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafa rétt á skráningu í gagnagrunninn, aðrir verða sækja um það sérstaklega og valnefnd metur þær umsóknir. HANDVERK OG HÖNNUN safnar kerfisbundið upplýsingum um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði. Á heimasíðunni eru umfangsmiklar upplýsingar um styrki, skóla, nám og ýmsa viðburði sem tengjast þessum málaflokki, hérlandis og erlendis. Á árinu 2008 var hafist handa við endurgerð - endurskoðun á heimasíðunni og mun endurgerð síða opna fyrri hluta ársins 2009.

Fréttabréf

HANDVERK OG HÖNNUN hefur gefið út **FRÉTTABRÉF** frá stofnun en því var breytt 1999 og var þá dreift endurgjaldslaust til tæplega 1400 aðila 2-4 sinnum á ári. Öll fréttabréfin eru aðgengileg á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Prentun á fréttabréfum var hætt 2007 þar sem kostnaður var of mikill bæði við prentun og dreifingu og mikil þörf fyrir tíðari fréttir. Nú eru fréttir sendar í tölvupósti til tæplega 1000 aðila yfirleitt 6 – 8 sinnum í mánuði.

Ráðgjöf

Á þessu öðru starfsári nýrrar sjálfseignarstofnunar var töluverð eftirspurn um alls kyns ráðgjöf úti á landi eins og verið hefur undanfarin ár. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Oftast er beðið um innlegg/fyrirlestur og svo persónulega ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. HANDVERK OG HÖNNUN á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking. Útbúnir hafa verið nokkrir fyrirlestrar. Fundað var á nokkrum stöðum á árinu 2008 t.d. Ullarselinu á Hvanneyri, Sólheimum í Grímsnesi, Höfn í Hornafirði, og hjá Fræðsluneti Suðurlands, Selfossi. Umtalsverð ráðgjöf og móttaka fjölbreyttra hópa fer einnig fram á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík.

Sýningar

Í Aðalstræti 10 var ákveðið að halda áfram sýningarstarfsemi við nýjar aðstæður. Skipulagðar voru 10 litlar sýningar **á skörinni** frá 7. feb. til 17. sept. 2008

- 7. febrúar til 26. febrúar, Páll S. Garðarsson - tré
- 28. febrúar til 18. mars, Dóra Árna – leirlist
- 27. mars til 16. apríl, Bókverk – Ýmsir höfundar
- 17. apríl til 6. maí, Þórdís Jónsdóttir - textíll
- 8. maí til 27. maí, Ragnheiður I. Ágústsdóttir - leirlist
- 29. maí til 16. júní, Hêlene Magnússon - textíll
- 19. júní til 15. júlí, Halla Ásgeirsdóttir - leirlist
- 17. júlí til 5. ágúst, Anna Gunnarsdóttir - textíll
- 7. ágúst til 26. ágúst, Ingema Andersen - skartgripir
- 28. ágúst til 17. sept., Helgi K. Pálsson - leikfangabílar

Sýningin **Trjálíf** opnaði 15. mars 2008 í sýningarsal Gunnarsstofnunar að Skriðuklaustri. Sýningin var samvinnuverkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR og Gunnarsstofnunar. Sýningin stóð frá 15. mars til 13. apríl 2008. Sýnendur voru: Aðalheiður Eysteinsdóttir, Bjarni Þór Kristjánsson, Bragi Baldursson, Helgi Björnsson, Ragnhildur Magnúsdóttir, Reynir Sveinsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Sigurður K. Eiríksson. Á sýningunni voru fólk og fjölbreytt dýr unnin í tré. Aðsókn á sýninguna var mjög góð. Samkvæmt upplýsingum frá Gunnarsstofnun sóttu um 500 manns sýninguna.

Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR „**Allir fá þá eitthvað fallegt...**“ hefur verið haldin á hverju ári frá 1999. Reykjavíkurborg lánaði stofnuninni Fógetastofurnar sem eru á neðri hæð Aðalstrætis 10 í desember 2008. Á sýningunni sýndu 45 aðilar fjölbreytt verk. Sýningin stóð frá byrjun desember til jóla. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda og aðsókn hefur verið mjög góð og er óhætt að segja að jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafi skipað sér fastan sess í jólaundirbúningi landsmanna.

HANDVERK OG HÖNNUN skipar valnefnd fyrir hverja sýningu og þessar valnefndir gegna mikilvægu hlutverki í gæðastarfi stofnunarinnar. Valnefndir hafa verið skipaðar fagfólki með fjölbreytta þekkingu *sjá fylgiskjal 2*. Sýningarmunir valdir nafnlaust svo að allir, burtséð frá menntun og bakgrunni, hafi jafna möguleika. Sýnendur á sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafa þess vegna fjölbreyttan bakgrunn *sjá fylgiskjal 3*.

HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið fjölmargar sýningar. Sýningarnar frá upphafi eru rúmlega fimmtíu og þátttakendur eru tæplega fjögur hundruð, víðs vegar af landinu *Sjá fylgiskjal 4*. Sýningar hafa verið tæplega þrjátíu í Reykjavík og nágrenni, rúmlega tuttugu á landsbyggðinni og þrjár erlendis. Í öllu sýningarstarfi hefur þess verið gætt að skrásetja og safna upplýsingum um sýningarnar og þá listmuni sem til sýnis eru hverju sinni. Meðal annars með því að fá atvinnuljósmyndara til að mynda flest verkin. Þessi gögn eru varðveitt hjá HANDVERKI OG HÖNNUN. Á heimasíðunni er hægt að skoða myndir og fá upplýsingar um sýnendur á öllum sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Smám saman er að verða til mikið gagnasafn um þróun handverks og listiðnaðar í landinu sem er mjög dýrmætt.

Ráðhús Reykjavíkur – kynning 2008

Undanfarin þrjú ár hefur HANDVERK OG HÖNNUN staðið fyrir umfangsmikilli kynningu á íslensku handverki, hönnun og listiðnaði í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þessar kynningar hafa staðið í fjóra daga og fara þannig fram að listafólkið sjálft er á staðnum til að kynna vörur sínar. Þátttakendur hafa verið rúmlega fimmtíu í hvert sinn. Í ljósi mikillar ánægju þátttakenda sem fram hefur komið í viðhorfakönnunum og góðrar aðsóknar hefur verið ákveðið að kynning af þessu tagi verði árviss viðburður í starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR *sjá fylgiskjal 5*. Kynningin verður haldin í fjórða sinn dagana 30. okt. til 2. nóv. 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Árið 2008 var í fyrsta sinn efnt til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda. Það var Páll Garðarsson sem hlaut Skúlaverðlaunin 2008 fyrir nýstárlegan jólatréstopp. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta, frumkvöðul smáíðnaðar í Reykjavík og voru styrkt af Samtökum iðnaðarins. Sérstaka viðurkenningu valnefndar fengu Dýrfinna Torfadóttir og Margrét Guðnadóttir.

Ketilhúsið Akureyri - kynning 2008

HANDVERK OG HÖNNUN skipulagði kynningu á handverki, hönnun og listiðnaði dagana 28. og 29. nóv. í Ketilhúsinu á Akureyri. Þar kynntu 17 aðilar vörur sínar. Viðburðurinn var skipulagður í samvinnu við Menningarmiðstöðina í Listagili og Akureyrarstofu.

Bók um handverk og hönnun á Íslandi

HANDVERK OG HÖNNUN gefur annað hvert ár út bók um handverk og hönnun á Íslandi. Markmiðið með bókinni er milliliðalaus og aðgengileg kynning á einstaklingum sem stunda handverk, hönnun og listiðnað. Bókin er kaflaskipt eftir mismunandi flokkum: textill/fatahönnun, skartgripahönnun, leir og gler, horn og bein, pappír/tré og tágar, skinn/leður og roð, og blönduð tækni. Bókinni hefur verið dreift endurgjaldslaust, í öll almennings- og skólabókasöfn á landinu, allar ríkisstofnanir, mörg fyrirtæki, öll sveitarfélög, stéttarfélög, til ferðaþjónustuaðila, í sendiráð bæði

Íslensk og erlend og margir fleiri hafa fengið bókina til varðveislu. Upplagið er 5000. Allir þátttakendur í bókinni fá sína síðu sérprentaða sem þeir geta notað sem kynningarspjöld. Bækurnar frá 2006 og 2008 eru aðgengilegar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Næsta bók kemur út árið 2010.

Ferða – og verkefnasjóður

HANDVERK OG HÖNNUN styrkir starfandi handverks- og listiðnaðarfólk til að afla sér þekkingar í greininni, hérlandis eða erlendis. Hugmyndin er að koma til móts við einstaklinga vegna náms og/eða ferðakostnaðar. Styrkjum er úthlutað af stjórn.

Á árinu 2008 fengu tíu einstaklingar styrk úr sjóðnum.

Erlend samskipti

- Framkvæmdastjóra HANDVERKS OG HÖNNUNAR var boðið að koma til Osló og kynna starfsemina. Fyrirlestur var haldinn 12. mars á málþingi sem tæplega 100 manns sóttu.
- HANDVERK OG HÖNNUN tók á móti finnskum glerlistamanni Vesa Varrela sem kom til Íslands í febrúar 2008. Hann flutti m.a. fyrirlestur í Listaháskóla Íslands.
- HANDVERK OG HÖNNUN sá um að tilhefna fulltrúa Íslands á sýninguna *EUROREAN glass CONTEXT 2008* sem haldin var á Bornholm. Þetta var stór glerlistasýning sem naut stuðnings Evrópusambandsins.
- HANDVERK OG HÖNNUN tók á móti stórum hópi frá Nova Scotia í september 2008, heimsókn hópsins var skipulögð af Kanadíska sendiráðinu.

Sérstakt kynningarstarf

HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt íslenska hönnun og handverk í tímaritinu REYKJAVÍK LIVING sl. 6 ár. Árið 2008 var HANDVERK OG HÖNNUN með 6 síður í tímaritinu. Þessu tímariti er dreift á öll hótélherbergi í Reykjavík og stærri hótél úti á landi.

HANDVERK OG HÖNNUN: Mat á árangri og mikilvægi

Stjórn ákvað um mitt ár 2008 að fá óháðra aðila til að gera heildarúttekt á starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR undanfarin ár. Stjórnin hefur frá því að sjálfseignarstofnunin var stofnuð reynt að fá samning við menntamálráðuneytið og þessi úttekt var hugsuð sem liður í því starfi. Stjórnin fól ráðgjafafyrirtækinu R3- Ráðgjöf ehf að meta stöðu stofnunarinnar og þann árangur sem náðst hefur í starfsemi hennar og verkefninu í heild. Vinna við matið fór að mestu fram í ágúst og september 2008 og var framkvæmt á eftirfarandi hátt.

- Rýnt var í gögn um stofnunina svo sem skýrslur, ársreikninga, kannanir, útgáfurit o.fl.
- Fundir voru haldnir með framkvæmdastjóra og stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR.
- Þjónustukönnun var framkvæmd meðal þátttakenda í starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR.
- Leitað var álits og svara hjá ráðgjöfum, listamönnun og fulltrúum innan stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.
- Sjálfstætt mat sérfræðinga hjá R3- ráðgjöf var síðan unnið á grundvelli alls þessa.

R3-ráðgjafar skiluðu 29 síða skýrslu til stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR í lok september 2008.

Megin niðurstaða R3-ráðgjafar þeirra Gísla Sverris Árnasonar MPA og Garðars Jónssonar MSc sem lögð var fram 30. september 2008 er eftirfarandi:

„Það er mat okkar að Handverk og hönnun:

Hafi stuðlað að faglegri og metnaðarfullri uppbyggingu á handverki og listiðnaði um allt land á undanförunum árum og eigi möguleika á að vinna að enn frekari eflingu þessara listgreina með viðunandi stuðningi.

Hafi náð miklum árangri við eflingu handverks og listiðnaðar með háum gæðakröfum, kynningar- og leiðbeiningarstarfi og metnaðarfullri útgáfu og sýningum.

Gegni afar mikilvægu og þakklátu hlutverki fyrir fólk sem vinnur að handverki og listiðnaði í landinu. Hlutverk stofnunarinnar er ekki síður mikilvægt nú en þegar upphaflega var stofnað til verkefnisins árið 1994.

Njóti virðingar og viðurkenningar innan stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, ráðgjafar- og menningarstarfs og á meðal þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

Hafi, með starfi sínu, stutt við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu auk þess að stuðla að virðingu við þjóðleg vinnubrögð og hönnun.

Sé í óviðunandi stöðu vegna óvissu um rekstrarfé og sess innan hins opinbera mennta- og atvinnuþróunarkerfis. Þeirri óvissu þarf að eyða með samningi við t.d. menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti um framtíðarhlutverk stofnunarinnar og þann sess sem henni er ætlaður.

Sé tæki sem stjórnvöld eigi að styðja við og nýta sem hluta af stuðningskerfi við menningar- og atvinnugreinar landsins. "

Helstu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2009 verða:

- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR – endurgerð og viðhald
- Fréttabréf – 6-8 fréttabréf á mánuði til tæplega 1000 aðila.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar.
- Sýningar á skörinni, tólf sýningar.
- Farandsýning sem opnar 4. apríl 2009 í Safnasafninu Svalbarðseyri. Sýningin mun fara á Ísafjörð, Egilsstaði, Sauðárkrók, Hveragerði og enda í Reykjavík í árslok 2009.
- Sýning á Textílsafninu Blönduósi, sumarsýning safnsins 2009 er á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR.
- Jólasýning 2009.
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, október 2009.
- Kynning í Ketilhúsinu Akureyri, nóvember 2009.
- Ferða – og verkefnasjóður, úthlutun í október 2009.
- Undirbúningur vegna Bókar um Handverk og hönnun 2010 hefst í árslok 2009

Lokaorð

HANDVERK OG HÖNNUN hefur leitast við að vera með sýnilega starfsemi um allt land þó að skrifstofan hafi alla tíð verið í Reykjavík. Eitt af því sem skapað hefur HANDVERKI OG HÖNNUN sérstöðu meðal sambærilega stofnana á Norðurlöndum og vakið athygli er, að þar starfa hlið við hlið faglærðir og ófaglærðir listamenn. Það er ásetningur HANDVERKS OG HÖNNUNAR að vinna gegn landamærum og sameina þá einstaklinga sem eru að gera góða hluti. Í reglulegum þjónustukönnunum hefur komið fram að þetta markmið skiptir mjög marga miklu máli, ekki síst hinn dreifða hóp handverks- og listiðnaðarfólks sem vinnur af fagmennsku að listsköpun sinni utan höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn og starfsmenn eru sammála niðurstöðu R3-ráðgjafar þeirra Gísla Sverris Árnasonar MPA og Garðars Jónssonar MSc sem lögð var fram 30. september 2008 að HANDVERK OG HÖNNUN sé í „óviðunandi stöðu vegna óvissu um rekstrarfé og sess innan hins opinbera mennta- og atvinnuþróunarkerfis. Þeirri óvissu þarf að eyða með samningi við t.d. menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti um framtíðarhlutverk stofnunarinnar og þann sess sem henni er ætlaður“. Það er mjög mikilvægt í starfsemi að þessu tagi að grundvöllur sé traustur og samfella sé örugg í starfinu og hægt sé að skipuleggja verkefni til framtíðar.

Reykjavík, 27. mars 2009

Sunneva Hafsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri
HANDVERKS OG HÖNNUNAR

